

RÍKISSAKSÓKNARI

Tilmæli varðandi öflun upplýsinga úr sakaskrá

1. Heimilt er að óska eftir uppflettingu í sakaskrá þegar skima á eftir ítarlegri upplýsingum en þeim sem koma fram á sakavottorðum til einstaklinga (einkavottorðum) og lög heimila viðkomandi að óska eftir upplýsingunum.
2. Sakavottorð einstaklinga skal nálgast hjá embættum sýslumanna og á island.is með rafrænum skilríkjum á slóðinni: <https://island.is/sakavottord>
3. Ekki er tekið við beiðnum um uppflettingar úr sakaskrá fyrir einstaklinga 18 ára og yngri. Allar upplýsingar um refsidóma og sektargerðir að því er varðar brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni koma fram á einkavottorðum einstaklinga 18 ára og yngri.
4. Beiðni sem inniheldur ólæsilegar eða ófullnægjandi upplýsingar er ógild og verður ekki afgreidd.
5. Uppfletting í sakaskrá er handvirk og álag vegna fjölda beiðna getur verið umtalsvert. Afgreiðsla beiðna getur því tekið allt að þrjár vikur frá því að beiðni berst embættinu.

Reglur um sakaskrá ríkisins með áorðnum breytingum er að finna á vef sakaskrár á slóðinni: <https://island.is/sakaskra>

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík, 9. janúar 2026